

Jóakim

Félagagreiðslur

Nóvember 2007




Efnisyfirlit:



Jóakim	5
Félagakerfi - félagagreiðslur	5
Félagagreiðslur	6
Greiðsluhreyfingar	7
Skráning sjúkrabóta	8
Skráning styrkja	9
Sjúkrabótastýringar	10
Skattkort greiðsluþega	11
Greiðsluþegar	12
Fyrirfram greiðsla	13
Nýting skattkorta	13
Leiðréttingar	14
Umsóknir	15
Umsóknir	15
Nýjar umsóknir	15
Sjúkdómsgreiningar	15
Stjórnupplýsingar	16
Umsóknarflokkar	16
Umsóknartegundir	16
Umsóknarstöður	16
Sjúkdómaflokkun	16
Stjórnupplýsingar	17
Sjúkrabótategundir sjóða	17
Styrkjategundir sjóða	17
Sjúkrabótategundir	18
Styrktategundir	18
Reikningsútgefendur	18
Frádráttaraðferðir	19
Frádráttarsjóðir	19
Dagpeningagildi	19
Dagpeningatöflur	20

Grunnupplýsingar	20
Greiðsluflokkar	20
Greiðsluhópar	20
Staðlaðar athugasemdir	21
Greiðslusjóðir	21
Umsjónaraðilar skattkorta	21
Greiðslustofur	22
Bankar og höfuðbækur	22
Uppfærslur	23
Greiðsluvinnslur	23
Greiðslur til banka	24
Hreyfingar til skatts	24
Hreyfingar til frádráttarsjóða	25
Runuvinnslur	25
Skýrslur félagagreiðslna	26
Sjúkrabótalisti	26
Styrktarlisti	26
Greiðslutilkynningar	27
Niðurstöðulisti félagagreiðslna	28
Launamiðar	29
Skýrslur markaðstaflna	30
Markaðskennitöluyfirlit	30
Samanburður markaðstölutaflna	30
Vaxtayfirlit	31
Staðgreiðsluyfirlit	31

Jóakim



Hér að ofan sést innskráningarmyndin, þar sem sett er inn notandaheiti og lykilorð, ásamt því að hægt er að velja um hvort fara á inn í Jóakim (sjálfgefið), eða Jóakim test umhverfið.





Þessi mynd sýnir inngangsmynd ásamt aðalvalmynd Jóakim kerfisins. Úr þessari valmynd er farið inn í öll þau kerfi sem Jóakim hefur upp á að bjóða. Sú stofnun sem tilgreind er hjá notanda sem hans stofnun, kemur sjálfkrafa fram, ásamt staðsetningu notandans. Smellt er á hnappinn “Í lagi” og breytist þá aðalmyndin þannig að aðgerðarhnappar verða fleiri, s.s. stjórnborð, senda skrá og sækja skrá.

Farið er inn í Félagakerfið með því að smella með músinni á plúsinn fyrir framan verkliðinn.

Félagakerfi - félagagreiðslur.

Þegar Félagakerfið í valmyndatrénu er opnað, sjást þeir verkliðir sem það inniheldur. Plús fyrir framan verklið þýðir að hann inniheldur undirverkliði. Til að opna verklið, er tvísmellt með músinni á þann verklið.

Til þess að fara til baka í fyrri mynd, er ýtt á **Esc** eða  (margföldunarmerkið fyrir ofan 9 á talnaborðinu).



Sjúkrabætur og styrkir eru unnir í verkliðnum félagagreiðslur í félagakerfinu.

Félagagreiðslur.


Þegar greiðsluþegi er stofnaður í kerfinu eru skráðar inn grunnupplýsingar (greiðsluþega) með númeri bankareiknings.

Ef um er að ræða mánaðarlegar bætur eru einnig skráðar sjálfvirkar stýringar bóta og skattkort greiðsluþega, hafi hann skilað því inn.

Stakir styrkir, svo sem fæðingarstyrkur, krabbameinsskoðun, sjúkraþjálfun o.þ.h er unnin í verkliðnum “Skráning sjúkrabóta”.

Þegar um er að ræða námsstyrki úr endurmenntunar- og/eða fræðslusjóðum, eru þeir skráðir í verkliðnum “Skráning styrkja”.

Nýjan greiðsluþega er hægt að stofna í gegnum skráningarmyndina og þarf því ekki að fara út úr skráningu bóta/styrkja og inn í greiðsluþega til þess.



Greiðsluhreyfingar

Greiðslukerfi Jóakim má líkja við viðskiptakerfi og greiðsluþegar eru viðskiptamenn. Hreyfingar eru debet og kredit og ef allt er eðlilegt þá er staða greiðsluþegans núll. Hreyfingar geta verið ferns konar:

- **Bóta-styrkjahreyfing** (auðkennd með **B/T**) táknar skuld sjóðsins til greiðsluþegans, þ.e.a.s. greiðsluþeginn á inni hjá sjóðnum. Þessar upphæðir eru í plús. Þessar hreyfingar myndast annarsvegar í sjálfvirkum sjúkrabótaútreikningum og hins vegar í handvirkt skráðum færslum vegna stakra styrkja.
- **Frádráttarhreyfing** (auðkennd með **F**) táknar skuld greiðsluþega vegna frádráttar á félagsgjaldi/lífeyrissjóðsiðgjaldi og er mínus upphæð. Frádráttarhreyfingar myndast sjálfvirk mánadarlega í greiðsluvinnslunni á tilgreindar tegundir bóta.
- **Skattahreyfing** (auðkennd með **S**) táknar skuld greiðsluþega vegna staðgreiðslu og er mínus upphæð. Skattahreyfingar myndast sjálfvirk mánadarlega í greiðsluvinnslunni.
- **Útborgunahreyfing** (auðkennd með **U**) er greiðsla til greiðsluþega og er mínus upphæð. Þessar hreyfingar geta verið skráðar handvirkt t.d. vegna fyrirframgreiðslna, en greiðsluvinnslan býr til útborgunahreyfingar til greiðsluþega sem eiga inni.

Þegar greiðsluhreyfing myndast eru dregnir skattar af þeim bótategundum sem staðgreiðsluskyldar eru og eftirstöðvar borgaðar út, þannig að greiðsluþeginn endar á núlli.

Hægt er að skoða greiðsluhreyfingar ákveðins greiðsluþega hvort sem er úr greiðsluhreyfingarmyndinni eða öðrum aðgerðum í flettilista greiðsluþegans:

Hér er hægt að skoða færslur nánar með “Enter”.

Hjá greiðslustofum sjást allar hreyfingar bótaþegans, þ.e. bóta-, frádráttar-, skatta- og útborgunahreyfingar.

Sjóður	Gerð	Tag	Upphæð Samt.	Tími frá	Tími til	Dagar Samt.	Vinnsla	Hópur	Uppr	Bakf
N001	U		-101633	28.02.2002	28.02.2002		2002-02	EFT		
N001	S		-83967	01.02.2002	28.02.2002		2002-02	EFT		
N001	F		-700	01.02.2002	28.02.2002		2002-02	EFT		
N001	F		-2800	01.02.2002	28.02.2002		2002-02	EFT		
N001	F		-75	01.02.2002	01.02.2002		2002-02	EFT		
N001	F		-300	01.02.2002	01.02.2002		2002-02	EFT		
N001	F		-2325	01.01.2002	31.01.2002		2002-02	EFT		
N001	F		-9300	01.01.2002	31.01.2002		2002-02	EFT		
S002	B	SD1	70000	01.02.2002	28.02.2002		20	2002-02	EFT	Bakfært
S002	B	FÆD	240000	01.01.2002	01.02.2002		24	2002-02	EFT	Bakfært
S002	B	SD1	-108900	15.11.2001	31.12.2001		33	2002-02	EFT	Bakfærsla
N001	U		-69981	31.01.2002	31.01.2002		2002-01	EFT		
N001	S		-6494	01.01.2002	31.01.2002		2002-01	EFT		
N001	F			01.01.2002	31.01.2002		2002-01	EFT		

Til að sjá eina tegund í einu, er farið í valforsendur (**F4**) og hakað við þá “Færslugerð”.

Færslugerð: Allt Sjúkrabætur Frádráttur Styrkir
 Líf. Séreign Skattur Útbogun

GERÐ HREYFINGAR

1. Sjúkrabótahreyfing
2. Styrktarhreyfing
3. Skattahreyfing
4. Útborgunahreyfing

<ESC> Hætta

Stakir styrkir eru skráðir inn handvirkt með “Insert”. Sjúkrabótahreyfing er fyrir t.d. krabbameinsskoðun og sjúkrabjálfun, Styrktarhreyfing fyrir námsstyrki.

Ef fella á niður færslu sem skráð var handvirkt og ekki er búið að loka í greiðsluvinnslu, er farið yfir viðkomandi línu og ýtt á

“Delete”. Í öðrum aðgerðum (**F5**) er hægt að bakfæra eldri B, T og F hreyfingar, sem búið er að lýsa/merkja með **F6**.

Ef bakfæra á B hreyfingu sem F hreyfing tengist, þarf að gæta þess að bakfæra þá hreyfingu einnig.

Greiðsluþeg	Sjóður	Gerð	Tag	Upphæð Samt.	Tími frá	Tími til	Dagar Samt.	Vinnsla	Hópur	Uppr	Bakf
0108704539	N001	U						2006-12	EFT		
0108704539	N001	S						2006-12	EFT		
0108704539	N001	F	F002					2006-12	EFT		
0108704539	N001	F	F002					2006-12	EFT		
0108704539	S002	B	D2					2006-12	EFT		
0108704539	S002	B	D2					22	2006-12	EFT	
0307554649	F002	U						2006-12	EFT		

Skráning sjúkrabóta

Ef verið er að skrá staka styrki/bætur á greiðsluþega sem þegar hafa verið stofnaðir, er fljótlegast að gera það í þessum verklið. Komið er inn í lista þar sem sjást þær færslur sem eru á skráningarstigi.

Til að bæta við nýjum færslum, er ýtt á “Insert” hnappinn og er þá komið beint inn í skráningarmynd sjúkrabótahreyfinga.

Hér er hver styrkurinn á færur öðrum skráður, einn eða fleiri á hvern greiðsluþega. Ef greiðsluþegi reynist ekki vera til, er farið með **F7** hnappnum í flettilista greiðsluþega og hann stofnaður (ýtt á “Insert”) með upplýsingum um bankareikning hans.

Sett eru inn sjóður og greiðslutegund. Byrjun tímabils er sett inn og síðan annað hvort lok tímabils (Jóakim reiknar dagafjölda) eða dagafjöldinn og Jóakim setur þá inn lok tímabils. Greiðsluhlutfall er sett inn. Ef dagpeningatafla er tengd við tegundina, er upphæð * fjöldi daga sótt í hana. Ef engin dagpeningatafla er tengd, er reiturinn “Dagtaxti:” opinn til skráningar. Ef tilkynning á að koma á greiðsluseðlinum, er einkenni hennar sett í þann reit.

Í flípanum “Aðrar upplýsingar” koma fram upplýsingar úr sjúkrabótastýringum, ef greiðsluhreyfingin byggir á stýringu og unnin í útborgunarvinnslunni.

Skráning athugasemda vegna styrkja gefur færi á að setja inn nánari upplýsingar um tilurð styrkveitingarinnar, svo sem sérstakan styrk sem samþykki stjórnar sjóðsins þarf fyrir o.þ.h.. Er þá farið í flípann “Athugasemdir” og textinn skráður inn.

Styrkir sem skráðir eru í þessum lið, safnast upp í greiðsluhreyfingarlistanum meðan þeir eru enn á skráningarstigi.

Greiðsluþegi	Sjóður	Gerð	Teg.	Upphæð Samt.	Tími frá	Tími til	Dagur Samt.	Vinnsla	Hópur	Uppr.	Balk
1607673169	N001	B	GMM	3500	15.03.2002	15.03.2002	1				
1607673169	S002	B	LR	6000	10.03.2002	10.03.2002	1				
1701713579	S002	B	baA1	50000	10.10.2002	23.10.2002	10				
1904304649	S002	B	DB	100000	31.03.2002	01.04.2002	1				
1904304649	S002	B	SJP	6948	01.03.2002	11.03.2002	7				
1904304649	S002	B	SL1	1650	01.03.2002	01.03.2002	1				
1909724619	F002	B	JV2	101250	12.12.2003	30.12.2003	18				
2203560009	S002	B	ET1	75000	01.11.2003	10.11.2003	10				

Í reitnum “Upphæð samtals:” sést samtala þeirra hreyfinga sem skráðar hafa verið.

Neðst í listanum eru upplýsingar um fjölda færslna.

Skráning styrkja

Hér eru styrkir, sem ætlaðir eru til endurgreiðslu kostnaðar samkvæmt reikningi, skráðir inn.

Ef verið er að skrá staka styrki á greiðsluþega sem þegar hafa verið stofnaðir, er fljótlegast að gera það í þessum verklíð. Komið er inn í lista þar sem sjást þær færslur sem eru á skráningarstigi.

Til að bæta við nýjum færslum, er ýtt á “Insert” hnappinn og er þá komið beint inn í skráningarmynd styrktarhreyfinga.

Hér er sjóðurinn sem styrkinn veitir settur inn og greiðslutegund sótt með **F7**. Þá er tímabil sett inn, en það gæti t.d. verið það tímabil sem námskeið stóð yfir. Útgefandi reiknings er settur inn, eða sóttur með **F7**, t.d. Námsflokkar Reykjavíkur, ásamt dagsetningu reiknings, reikningsupphæðinni og greiðsluhlutfalli. Styrktarupphæðin reiknast þá út. Einnig er hægt að sleppa því að setja inn greiðsluhlutfall, fara þess í stað beint í styrktarupphæðina og setja hana inn, greiðsluhlutfallið reiknast þá út sem hlutfall styrktarupphæðar af reikningsupphæð.

Þvínæst er skýring sett inn fyrir styrkveitingunni.

Ef þörf er á nánari upplýsingum um námið sem styrkurinn er veittur fyrir, er farið í “Aðrar aðgerðir” flipann og textinn skráður inn. Þegar texti hefur verið skráður, sést það á flípanum sem mynd af skjali með A á ská.

Hér er hver styrkurinn á fætur öðrum skráður, einn eða fleiri á hvern greiðsluþega. Ef greiðsluþegi reynist ekki vera til, er farið með **F7** hnappnum í flettilista greiðsluþega og hann stofnaður (ýtt á “Insert”) með upplýsingum um bankareikning hans.


Greiðsluþegi	Stjóður	Gerð	Teg	Upphæð Samt.	Tími frá	Tími til	Dagur Samt.	Vinnsla	Hópur	Uppr.	Bakf
0811569999	F002	T	123	-15000	01.12.2003	31.12.2003					Bakfærsla
0811569999	F002	T	KOV	-750000	27.11.2003	31.12.2003					Bakfærsla
0811569999	F002	T	KOV	375000	01.12.2003	24.12.2003					
1105795009	F002	T	TOM	25500	26.11.2003	27.11.2003					
1503303009	F002	T	JHF	37500	01.01.2003	01.01.2004					
1805542469	F002	T	123	15250	10.12.2003	10.12.2003					
2203560009	F002	T	123	15000	01.12.2003	31.12.2003					

Styrkir sem skráðir eru í þessum lið, safnast upp í greiðsluhreyfingarlistanum meðan þeir eru enn á skráningarstigi.

Einnig sjást styrkir sem hafa verið bakfærðir og eiga eftir að fara í gegn um greiðsluvinnslu.

Sjúkrabótastýringar

Hægt er að fara í sjálfvirkar stýringar sjúkrabóta beint úr aðalvalmynd sjúkrabótakerfisins, en edlilegast er að fara úr öðrum aðgerðum í flettilista greiðsluþega.



Sjóður	Teg	Gr.%	Taxti	Gr.frá	Stöðvun	St.aths	A
S002	D1	100,00		01.09.2003	31.12.2003	LÆKN	
S002	D2	100,00		01.01.2004	01.03.2004	LÆKN	
S002	IT1	100,00		01.12.2001	01.12.2002	STYRKLOK	
S002	SD1	100,00		15.11.2001	15.04.2003	DAGSLOK	


Komið er inn í flettilista, þar sem fram koma þær stýringar sem stofnaðar hafa verið á greiðsluþegann. Ef engin stýring hefur verið stofnuð, er listinn tómur.

Farið er í skráningu nýrrar stýringar með 'Insert' en eldri stýring opnuð til skoðunar eða breytinga með hægri 'Enter'.

Skráningarmynd sjálfvirkra bóta:

Sjóðurinn og sjúkrabótategundin eru sett inn ásamt dagsetningum, stöðvunarathugasemd, greiðsluhlutfalli, dagtaxta (ef dagpeningatafla er ekki tengd sjúkrabótategundinni) og frádráttaraðferð, ef við á.

Nánari upplýsingar er hægt að setja inn í flipann "Athugasemdir".



Almennt Athugasemdir

Greiðsluþegi: 2203560009 Lilja Harðar

Kyn (þj): Kona Fæðingard. (þj): 22.03.1956

Hjúsk. (þj): Gift/giftur Dánardag. (þj):

Maki (þj): 0811569999 Obelx:

Merkingar: AD: lg1 BS: DE: TM: 1 Fastm: S002

Sjóður: S002 Sjúkrasjóður til þrúfu

Sjúkrabótateg: D1 Sjúkradagpeningar

Greitt frá: 01.01.2007

Stöðvun: 15.02.2007

Stöðv.athsmd: LÆKN Vinsamlegast skilið inn lækrisvottorð

Gr.hlutf: 100,00 % Dagtaxti:

Frádráttaraðf: L&F Lífeyrissjóður og félagsgjöld

Skráð: ljja 2007-02-27 15:26:26.904 Aths: 0 st.

Dagsetning sem greiðslur eiga að ljúka.

- Ný stýring er búin til fyrir hverja sjúkrabótategund / nýtt tímabil.

ATH! Fyrir hverja sjúkrabótategund er hægt að greiða samkvæmt stýringu og/eða handskráðri hreyfingu. Handskráðir dagar lækka **ekki** fjölda daga til úthlutunar í greiðsluvinnslu eftir stýringum.

Skattkort greiðsluþega

Komið er inn í lista yfir skattkort greiðsluþega. Listinn er tómur hafi ekkert skattkort verið skráð inn. Farið er í skráningu skattkorta með 'Insert'.

Sett er inn hlutfall persónuafsláttar, sem fram kemur á kortinu ásamt því ártali og mánuði sem skattkortið gildir frá og með.

Gildistímabil	Gildistímabil	P.afsl.%	P.maka%	Maki	Væb.þa	Umj.
2006-03-01		0,00	10,00	0811569999		0 N001
2007-02-01		60,00	0,00		17740	N001
2001-11-01	2001-12-31	50,00	0,00			0 N001
2002-01-01	2002-03-31	25,00	0,00			0 N001
2002-01-01	2002-03-31	0,00	15,00	0811569999		0 N001
2002-03-01	2002-03-31	0,00	0,00			-2344 N001
2004-01-01	2004-02-29	70,00	0,00			0 N001
2006-02-01	2006-03-31	60,00	0,00		5000	N001

Ef viðbótarpersónuafsláttur kemur fram á kortinu (uppsafnaður ónotaður persónuafsláttur) er krónutalan sett inn í svæðið 'Viðb.pers.afsl....'.

Ef bótaþegi skilar inn makakorti, er það skráð sér. Sett er inn gildistímabilið, hlutfall afsláttar á makakorti í línuna Pers. afsl. maka og kennitala maka.

Ef greiðsluþegi skiptir út gildandi skattkorti fyrir nýtt, með öðru hlutfalli persónuafsláttar, er fyrra kortið lokað með því að setja inn ár og mánuð sem kortið gildi til og með.

SKATTKORT GREIÐSLUÞEGA - N001

Greiðsluþegi: 2203560009 Lilja Harðar

Maki: 0811569999 Obelox Fæð.d: 22.03.1956

Hjúsk: 3 Giftgjafir Kyn: X Dánard:

Hlutf.pers.afsl: 25,00 %

Gildistímabil: 2002-01-01 - 2002-03-31

Pers.afsl.maka: 0,00 %

Maki:

Væb.pers.afsl: 0

Umjónarstofa: N001 Sjóður 1.námsskið

Greiðsluhópar:

Síðast skráð: Innamt 2004-01-21 11:42:57

Ár og mánuð sem skattkortið gildir til og með. * = Ótakmarkað

Nýtt kort, með upplýsingum um hlutfall persónuafsláttar og ár og mánuð sem skattkort gildir frá og með, er skráð inn.

Þegar bótaþegi fær skattkortið til baka við lok bóta, þarf að loka kortinu og jafnframt athuga hvort einhver persónuafsláttur sé ónýttur eftir síðustu útborgun. Í seinna svæði gildistímabils er settur sá mánuður sem síðasta útborgunarkeyrsla greiðsluþegans var unnin á.

Síðan er athugað hver nýting skattkortsins var (F5 liður 3) og hvort ónýttur afsláttur er enn til staðar.

-
- Valmynd
- 1. Sjúkrabótastýringar
 - 2. Greiðsluhreyfingar
 - 3. Nýting skattkorta
 - 4. Skattkortablað
- <ESC> Hætta

NÝTING SKATTKORTA - N001

Greiðsluþegi: 2203560009 Lilja Harðar

Viðmiðunarmán: 2002-02 Greitt á árinu: 281600

Hlutf.pers.afsl: 25,00 % Skattur á árinu: 90461

Pers.afsl.maka: 15,00 % P.afsl. réttur: 20412

Notaður p.afsl: 18068

Ónýttur p.afsl: 2344

Ár og mánuð sem á að reikna fyrir.

Sé svo, þarf að

skrá það á kortið við afhendingu, ásamt því að skrá sér skattkortafærslu á bótaþegann, með síðasta mánuðinn í tímabil og upphæðina í mínus í reitinn fyrir viðbótarpersónuafslátt.

Ágætt er að athuga að þessu loknu hvort nýting skattkortsins sé rétt.

SKATTKORT GREIÐSLUÞEGA - N001

Greiðsluþegi: 2203560009 Lilja Harðar

Maki: 0811569999 Obelox Fæð.d: 22.03.1956

Hjúsk: 3 Giftgjafir Kyn: X Dánard:

Hlutf.pers.afsl: 0,00 %

Gildistímabil: 2002-03-01 - 2002-03-31

Pers.afsl.maka: 0,00 %

Maki:

Væb.pers.afsl: -2344

Umjónarstofa: N001 Sjóður 1.námsskið

Greiðsluhópar:

Síðast skráð:

F7 = Fluttísi.

NÝTING SKATTKORTA - N001

Greiðsluþegi: 2203560009 Lilja Harðar

Viðmiðunarmán: 2002-02 Greitt á árinu: 281600

Hlutf.pers.afsl: 25,00 % Skattur á árinu: 90461

Pers.afsl.maka: 15,00 % P.afsl. réttur: 18068

Notaður p.afsl: 18068

Ónýttur p.afsl: 0

Ár og mánuð sem á að reikna fyrir.

Greiðsluþegar


Farið er í skráningu greiðsluþega úr valmynd sjúkrabótakerfisins. Þá birtist valforsendamynd fyrir flettilista greiðsluþega.

Sett er inn kennitala ef um er að ræða breytingu á einstökum greiðsluþega eða nýskráningu og staðfest til að fá flettilista yfir valinn aðila.

Ef um er að ræða nýskráningu, er listinn eðlilega tómur, vegna þess að greiðsluþeginn er enn óskráður, en þá er ýtt á “Insert” til að stofna hann.


Ef um er að ræða breytingu þá kemur hann einn fram á listanum, og ýtt er á “Enter” til þess að skoða hann eða breyta.

Settar eru inn bankaupplýsingar og aðrar þær upplýsingar sem óskað er. Bankaupplýsingarnar fara í athugun frá Jóakim til Landsbankans og ef eitthvað stemmir ekki, kemur athugasemd þar um.



Í flípanum “Athugasemdir” er hægt að setja inn viðbótarupplýsingar, sé þess þörf.


Athugið að í þessari mynd eru til aðrar aðgerðir sem er farið í með **F5**, en þá birtist valmynd þar sem hægt er meðal annars að skoða sögufærslur greiðsluþega, sem myndast sé bankareikningi breytt.



Bankareikning	Bankareikning	Bankareikning	Skráningartími
0303	26	223355	2002-01-05 16:51:54.000
0303	26	123456	2002-01-05 16:51:46.000
0526	26	123456	2002-01-05 12:07:53.000

Þegar upplýsingar um greiðsluþegann hafa verið settar inn er staðfest með / eða stóra Enter til að fara aftur í flettilistann.

Flettilistinn er einnig með “Aðrar aðgerðir” F5:




Hér er hægt að fara beint í sjálfvirkar stýringar fyrir viðkomandi greiðsluþega, skattkort eða greiðsluhreyfingar.

Fyrirfram greiðsla

Í greiðsluhreyfingum er hægt að skrá útborgunarhreyfingu, ef um fyrirfram greiðslu er að ræða.

Ýtt á ‘Insert’ og valin útborgunarhreyfing.



Sjóður	Gerð	Teg.	Upphæð Samt.: -370950	Tími frá	Tími til	Dagar Samt.: 360	Vinnsla	Hópur	Uppr
N001	U		-101633	28.02.2002	28.02.2002		2002-02	EFT	
N001	S		-83967	01.02.2002	28.02.2002		2002-02	EFT	
N001	F			02.02.2002	02.02.2002		2002-02	EFT	
N001	F			02.02.2002	02.02.2002		2002-02	EFT	
N001	F			01.02.2002	02.02.2002		2002-02	EFT	
N001	F			01.02.2002	02.02.2002		2002-02	EFT	
S002	B			02.02.2002	02.02.2002	20	2002-02	EFT	
S002	B	FÆD	240000	01.01.2002	01.02.2002		24	2002-02	EFT


Sjóðurinn (er greiðslustofan), útborgunardagsetningin og upphæðin í **mínus** sett inn.

Ekki er þörf á að fylla út aðra reiti.

Nýting skattkorta

Einnig er hægt að skoða nýtingu skattkorta hjá greiðsluþega sem þegar hefur fengið greiðslur úr sjóðnum. Slegið er inn það ár og mánuður sem skoða á:


Farið til baka í skráningarmyndina með F8.



Leiðréttingar

Ef leiðréttá þarf greiðsluhreyfingu (B og F eða T gerð) sem er frágengin, er farið yfir hreyfinguna í listanum og hún merkt/lýst með **F6**.


Línan verður þá rauð.
Ýtt á **F5** og farið í
Bakfærslur.



Sjóður	Gerð	Teg.	Upphæð Samt.: 0	Tími frá	Tími til	Dagar Samt.: 36	Vinnsla	Hópur	Uppr	Bakf
N001	U		-92578	01.02.2007	01.02.2007		2007-01	EFT		
N001	S		-47262	01.01.2007	31.01.2007		2007-01	EFT		
N001	F	F002	-1472	01.01.2007	31.01.2007		2007-01	EFT		
N001	F	L999	-5888	01.01.2007	31.01.2007		2007-01	EFT		
N001	F	O002	0	01.01.2007	31.01.2007		2007-01	EFT		
N001	F	S002	0	01.01.2007	31.01.2007		2007-01	EFT		
S002	B	D1	147200	01.01.2007	31.01.2007	23	2007-01	EFT		
N001	U		-412899	01.01.2007	01.01.2007		2006-12	EFT		
N001	S		-209476	01.12.2006	31.12.2006		2006-12	EFT		
F002	T	N01	5750	01.09.2003	01.11.2003		2006-12	EFT		

- Ef frádráttur (F) er tengdur greiðslutegund (B), þarf að bakfæra þær hreyfingar um leið og greiðsluhreyfinguna, að öðrum kosti kemur villa við næstu keyrslu á greiðsluvinnslu.

Eftirfarandi mynd kemur þá upp:




Hér er gefinn kostur á að hætta við, auk þess sem mögulegt er að velja að ómerktar **B** og/eða **T** bakfærast, en að merktar færslur bakfærast ekki. Ef myndin er staðfest, er komið inn í nýja mynd:

Hér kemur fram fjöldi valinna hreyfinga, hreyfingar sem bakfærast og sem bakfærast ekki.

Hafi hreyfingin sem bakfæra á ekki verið

frágengin, eða að þegar er búið að bakfæra hana, kemur það fram í þeim reit.





Einungis er hægt að bakfæra frágengnar bóta- og styrktarhreyfingar sem eru virkar.

Umsóknir


Hér er hægt að halda utan um umsóknir um sjúkradagpeninga og styrki.

Umsóknir




Komið er inn í valforsendna mynd. Ef skoða á umsókn ákveðins umsóknaraðila, er kennitala hans sett inn, staðfest með **F2** eða "Num Lock". Ef umsókn hefur þegar verið skráð, er hún skoðuð nánar með "Enter". Einnig er hægt að skoða umsóknir á ákveðnu númerabili, ákveðna bótategund, umsóknir með ákveðna stöðu o.s.v.frv.


Nýjar umsóknir



Hér eru nýjar umsóknir skráðar. Fram koma þær umsóknir sem skráðar hafa verið inn þann daginn. Til að skrá nýja umsókn er ýtt á "Insert". Ef skoða á hvaða umsóknir hafa komið inn á tilteknu tímabili, er farið í valforsendur með **F4**, farið niður í reitinn "Tími skráð" og dagsetningunni breytt.



Sjúkdómsgreiningar




Ef um umsókn vegna örorku er að ræða, er sjúkdómagreining samkvæmt lækniúrskurði sett inn hér.

Röðunarnúmer, ef um nokkra þætti er að ræða, er þeim raðað niður eftir vægi. Þannig geta verið fleiri en ein sjúkdómagreining á sama einstaklinginn.

Sjúkdómaflokkur og sundurliðun er sett inn samkvæmt úrskurðarblaðinu.


Stjórnupplýsingar




Hér eru stýringar umsókna settar inn.

Umsóknarflokkar

Hér eru umsóknarflokkar stofnaðir.




Umsóknartegundir




Hér eru stofnaðar þær tegundir sem nota á við flokkun umsókna.

Umsóknarstöður

Hér eru þær tegundir sem nota á við flokkun á stöðu umsókna stofnaðar.




Sjúkdómaflokkun



Hér er hægt að skoða þá sjúkdóma, sjúkdómaflokka, sjúkdómahópa og kafla sjúkdómaflokka, sem til eru í kerfinu og eru samkvæmt ICD 10 staðli.

Stjórnupplýsingar


Í stjórnupplýsingum er haldið utan um bótagundir og stýringar greiðslustofunnar.



Sjúkrabótategundir sjóða

Grst	Sjóð	Tegund	Tegund	Gildistímabil	Gildistímabil	Lok
N001	F002	FG	Félagssjald viðbót			
N001	F002	JV2	Hopp og skopp	2003-11		
N001	F002	NAM	Námskeið, styrkur	2001-11		
N001	N001	GMM	Árlegur styrkur	2002-01		
N001	S002	AST	Aðrir styrkir	2002-01		
N001	S002	ÁGS	Sjúkradagpeningar	2002-10		
N001	S002	BS2	Hjartaendurhæfing	2002-01		
N001	S002	D1	Sjúkradagpeningar	2002-01		
N001	S002	D2	Sjúkradagpeningar	2002-01		
N001	S002	DB	Útfararstyrkur			
N001	S002	ET1	Geimverustyrkur			

Áður en hægt er að nota sjúkrabótategund þarf að tilgreina hvaða sjóðir meiga nota hana.



Hér eru sjúkrabótategundir tengdar við sjóði undir greiðslustofunni.

Til að tengja nýja tegund við sjóð, er farið í skráningarmyndina með "Insert" hnappnum. Settur er inn sjóðurinn sem nota má tegundina og greiðslutegundin. Með gildistímabili er hægt að stýra einstökum greiðslutegundum, ef þær gilda einungis ákveðinn tíma.

Styrktategundir sjóða

Grst	Sjóð	Tegund	Tegund
N001	F002	123	Hlátursnámskeið
N001	F002	AU1	Aukasjóður
N001	F002	AU2	Annar aukasjóður
N001	F002	AU3	Þriðji aukasjóðurinn
N001	F002	GV1	Nám í tungumálum óstarfstengt
N001	F002	HP2	Hestamennska - tæmningar
N001	F002	JHF	JHF styrkir
N001	F002	KOV	Jólaþjafi

Grst	Sjóður	Tegund	Gildistímabil	Gildistímabil	Lokað
N001	F002	123	2003-01	2003-12	


Hér eru styrktategundir tengdar við sjóði hjá greiðslustofunni.

Ef sett er inn ár og mánuður í báða reiti fyrir gildistímabil, er verið að takmarka notkun

greiðslutegundarinnar við það tímabil.

Sjúkrabótategundir

Hér eru sjúkrabótategundir stofnaðar og viðhaldið.



Pegar ýtt er á 'Insert' til að skrá nýja tegund, býður kerfið upp á að nota upplýsingar úr þeirri tegund sem bendillinn var yfir. Þetta getur flýtt talsvert skráningu nýrra bóta. Sett er inn einkenni fyrir nýju tegundina, henni gefið nafn og það látið endurtaka sig í gegnum nafnasvæðin.

Greiðsluflokkurinn er settur inn (farið með **F7** í flettilista greiðsluflokka, ef ná þarf í flokkinn) og greiðsluhópurinn. Þá er dagpeningataflan sem greiðslur tegundarinnar eiga að reiknast eftir sett inn og hámarksdagafjöldi á tímabili, ef það á við. Einnig er frádráttaraðferð tilgreind, ef það á við.


Ef um er að ræða tegund sem getur verið fyrir breytilegar upphæðir bóta, er engin dagpeningatafla sett inn. Það hefur þau áhrif að svæðið "Dagtaxti" er opið til skráningar í skráningu bóta / stýringa fyrir viðkomandi tegund.

Nauðsynlegt er að tilgreina skattameðferð bótategundarinnar.


Þá er tilgreint hvort dagatalning greiðslutegundarinnar eigi að vera á 30 daga mánaðar grunni **M**, eða 5 daga viku grunni **V**.

Styrkartegundir

Hér eru styrkartegundir stofnaðar og haldið við. Tegundinni er gefið einkenni og nafn, greiðsluflokkur tilgreindur og greiðsluhópur. Einnig er hægt að tilgreina hámarksupphæð, ef við á.



Reikningsútgjafir



Hér eru reikningsútgjafir stofnaðir, t.d. Námsflokkar Reykjavíkur og líkamsræktarstöðvar.


Sett er inn eikenni það sem nota á fyrir reikninga frá þessum aðila ásamt nafni.

Einnig er hægt að setja inn nánari skýringar í athugasemdalínuna.

Frádráttaraðferðir

Hér eru frádráttaraðferðir stofnaðar og haldið við.


Tegundinni er gefið einkenni og heiti. Settir eru inn þeir sjóðir, einn eða fleiri, sem frádrátturinn á að fara til, ásamt iðgjaldaprósentum. Sér tegund er fyrir hvert stéttarfélag, ef um fleiri en eitt stéttarfélag er að ræða hjá greiðslustofunni. Það sama á við ef um fleiri en einn lífeyrissjóð er að ræða.



Stéttarfélag og lífeyrissjóður eru skráð í sömu tegund, ef draga á iðgjald af greiðsluþega í báða sjóðina. * Athugið að mótframlag í lífeyrissjóð greiðist af sjúkrasjóðnum, sem og gjöld í sjúkra og orlofssjóð.

Frádráttarsjóðir

Hér eru frádráttarsjóðir tengdir greiðslustofu.



Sett er inn einkenni frádráttarsjóðs og skattameðferð, þ.e. einungis lífeyris- og séreignarsjóðir geta verið með tegundina “Staðgreiðsluskylt”, sem lækkar skattstofn. Ef frádrátturinn á að greiðast inn á bankareikning

frádráttarsjóðsins um leið og bankahreyfingar til greiðsluþega, eru upplýsingar um bankareikning og kennitölu viðtakanda settar inn.

Dagpeningagildi


Hér er taxa dagpeningataflna haldið við.

Komið er inn í valforsendamynd, þar sem dagpeningataflan sem vinna á með er sett inn.

Komið er inn í lista yfir þau gildi sem skráð hafa verið á viðkomandi tegund.


Farið með ‘Insert’ í skráningu á nýju gildi:

Skráningin staðfest með F2 eða “Num Lock”.



Dagpeningatöflur

Hér sjást þær töflur sem stofnaðar hafa verið. Í listanum koma fram upplýsingar um einkenni og heiti töflunnar, umsjónaraðila hennar og síðustu dagsetningu og gildi (taxta) sem sett var inn. Umsjónaraðili töflunnar getur unnið með hana, breytt heiti hennar og skráð nýjan taxta á hana. Til að stofna nýja töflu er ýtt á 'Insert'. Einkenni og heiti sett inn og staðfest. Þá er komið inn í "Aðrar upplýsingar", þar sem farið er inn í "Dagpeningagildi" og taxtinn skráður inn.




Eink	Heiti	Umsj	Síð.dags	Síð.taxti
10b	10 búsvund tafa	N001	01.01.1990	10000.00
DP1	Dagpeningar	N001	01.01.2006	6400.00
END	Endurþjálfun	N001	27.11.2003	7000.00
FF	Fæðingarstyrkir feðra	N001	01.01.2002	50000.00
FM	Fæðingarstyrkir mæðra	N001	01.01.2002	75000.00
KS	Krabbameinsskoðun	N001	01.01.2002	2000.00
LR	Líkamsrækt	N001	01.01.2002	7500.00
SN	Sjúkranudd	N001	01.11.2002	1000.00
ÞJ1	Þjáningabætur	S002		


Grunnupplýsingar

Hér eru grunnstýringar greiðslustofunnar settar inn.

Greiðsluflokkar




Hér eru greiðsluflokkar stofnaðir og haldið við. Sömu greiðsluflokkar geta gilt fyrir fleiri en eina greiðslutegund og fyrir fleiri en einn sjóð.



Greiðsluhópar

Hér eru greiðsluhópar stofnaðir og haldið við.



Hjá sjúkrabótastofum er yfirleitt um einn hóp að ræða, eftirágreitt.


Settar eru inn þær stýringar sem við á. Sjálfgjafinn útborgunardagur; þær stýringar sem settar eru inn hér stjórna því hverju greiðsluvinnslan stingur uppá sem vinnslumánuði og útborgunar-dagsetningu.

Fridagatal; ef sett er inn dagatalið "Lokunardagar banka á Íslandi", færir kerfið útborgunardagsetninguna sjálfkrafa á næsta virka dag mánaðarins, ef greiðsludaginn ber upp á helgi eða aðra daga þar sem bankar eru lokaðir.


Ef greiðslustofa er með fleiri en einn greiðsluhóp, er hægt að tilgreina hér þann greiðsluhóp sem þarf að vera með frágengna greiðsluvinnslu á sama útborgunardegi, áður en greiðsluvinnsla þessa hóps getur farið í gang.

Staðlaðar athugasemdir

Þessar athugasemdir eru tengdar greiðsluþegum t.d. vegna stöðvunar og skrifast út með greiðslutilkynningum. Ef x er í reitnum “Skr. á tilk...”, kemur athugasemdin fram á greiðslutilkynningum til bótaþega.




Greiðslusjóðir



Hér er tilgreint hvaða sjóði viðkomandi greiðslustofa greiðir fyrir og settir inn þeir bankareikningar sem greiðslurnar eiga að greiðast út af. Ef greiðslustofa er ekki sjúkrasjóður eða félag, þarf að stofna hana einnig inn sem greiðslusjóð.

Umsjónaraðilar skattkorta

Hér er tilgreint hver er umsjónaraðili með skattkortum greiðsluþega. Greiðslustofan er í flestum tilfellum sá aðili.



Greiðslustofur

Grunnupplýsingar greiðslustofu eru meðal annars upplýsingar um hvaða skattatöflur á að nota, einkenni skattstofu (0= Reykjavík, 1=Reykjanes ... 9=Vestmannaeyjar), númer innlausnarbanka og athugasemd vegna andláts.

GREIÐSLUSTOFA - N001

Stofnun: N001 Sjóður 1.námskeið

Frádráttaraðferð:

Staðgreiðslaáæferð: SKAT Staðgreiðsla, venjuleg

Skattstofueink: 0

Skattst.bankareikn:

Skattst.reikn.eig:

Athmd.v/andláts: LÁTINN Greiðslubegi er látinn, bótagreiðslur fa

Athmd.v/skattfr:

Athmd.v/endumats: LÆKN Vinsamlegast ekkilið inn lækrisvottorð

Athmd.v/aldurs: ALDUR Greiðslubegi er kominn á lífeysaldur.

Athmd.v/séreign:

Innlausnarbanki: 0526 Íslandsbanki hf., Suðurlandbr.

Bunkanúmer banka: Afrúning upphæða: 0

Leyfilegt tímabil: 01.01.2002 -

Fastmerkingahópur: Sjúkrahús hjá N001

Skattaútr.áæferð: a

'a'=Reikna á ársgrundvelli, 'm'=Reikna á mánaðar grundvelli.

Bankar og höfuðbækur

Til þess að skrá bankareikning greiðsluþega, verður banki og höfuðbók að vera til í kerfinu.

Bankahöfuðbækur - N001

Nr	Nafn	Lok
25	Ávisunarreikningur	
26	Ávisunarreikningur	

BANKAHÖFUÐBÓK - N001

Hb.númer: 25

Nafn: Ávisunarreikningur

Lokað:

Bankar - N001

Númer	Nafn	Sími	Fax	Lok
0378	Búnaðarbanki Íslands hf.Flóðum	486-6600	486-6540	
0382	Búnaðarbanki Íslands hf.Hofsósi	453-7400	453-7403	

BANKI - N001

Bankanúmer: 0330 Kennitala: 4712902039

Nafn: Búnaðarbanki Íslands, Akranesi

Heimili: Kirkjubraut 28 Sími: 430-4400

Póstfang: 300 Akranes Fax: 430-4401

Stofn.heiti: Búnaðarbanki

Afgr.staður: Akranesi

Lokað:

Uppfærslur

Uppfærslur eru keyrslur sem meðhöndla mikið gagnamagn.


Greiðsluvinnslur

Í greiðsluvinnslum eru sjálfvirkar hreyfingar meðhöndlaðar. Hver vinnsla er sérstaklega skráð í kerfinu og þar með er notaður flettilisti til að viðhalda þeim. Til að setja nýja vinnslu í gang, er ýtt á “Insert” hnappinn:

Settur er inn greiðsluhópurinn sem vinna á, greiðslumánuður, dagsetning sem greitt er til og útborgunardagur – ef þeir eru aðrir en kemur sjálfvirk. Einnig er lýsing sett inn, t.d. greiðslumánuðurinn og árið.

Keyrsluaðferðir:

- **Ganga frá vinnslunni endanlega;** ekki gert fyrr en búið er að keyra vinnsluna einu sinni og ganga úr skugga um að hún sé rétt.
- **Sleppa breytingum á stýringum;** ef sett er **x** eru breytingar á stýringum greiðsluþega ekki framkvæmdar.
- **Reikna greiðsluþega;** hægt er að keyra vinnslu fyrir ákveðinn greiðsluþega, en þá er eingöngu endurreiknað hans mál.
- **Runuvinnsla;** sett er **x** í reitinn til að setja keyrsluna í runuvinnslu. Rétt er að gera það þegar um fyrstu keyrslu eða endurkeyrslu vinnslunnar er að ræða, ef eingöngu á að loka vinnslu endanlega án endurkeyrslu (haft autt í kt. og nafni greiðsluþega) er óþarfi að nota runuvinnslu.



Staða greiðsluvinnslu getur verið með eftirfarandi merki:

v = Í vinnslu eða á áætlun, á meðan er ekki hægt að breyta vinnslunni.


u = Uppfærð en ekki frágengin, þá er hægt að endurkeyra vinnsluna með breytingum.

f = Frágengin vinnsla, þá er vinnslunni endanlega lokið og ekki hægt að endurkeyra.

Greiðsluvinnslan endurreiknar skattahreyfingar greiðsluþega frá áramótum og tekur tillit til þess ef skattkort hefur borist eftir síðustu keyrslu, en með gildistíma fyrir þann greiðslumánuð. Því getur greiðsluþegi, sem skattar voru teknir af við næstu útborgun á undan, fengið ofreiknaðan skatt til baka.

Dæmi um upplýsingar við greiðsluvinnslu:

Þarna kemur m.a. fram að sjúkrabótatímabil hafi verið stýtt hjá einum greiðsluþeganum, vegna hámarksdaga takmörkunarinnar.




Greiðslur til banka

Sjálfvirkt kemur sú vinnsla sem nýjust er af greiðsluhreyfingum.

Ef fleiri en ein vinnsla er með sama útborgunardag, er boðið upp á að fá þær allar inn í einn greiðslulista með því að setja 'x' í reitinn "Aðrar vinnslur með:".

Vinnslan býr til skrá sem hægt er að flytja með "File Transfer" yfir á diskettu. Boðið er upp á val um þrjú mismunandi skráarform, eftir viðskiptabanka greiðslustofunnar.




Í flípanum

'Meira' er boðið upp á að greiðslulistinn sækir nýjustu upplýsingar um bankareikninga greiðsluþega, er þetta einungis notað ef vitað er að upplýsingar um bankareikning einhvers breyttust frá því að greiðsluvinnslan var frágengin, þar til bankavinnslan er keyrð. Þarna er einnig boðið upp á val um ýtarlegan lista og/eða blaðsíðuskiptingu eftir höfuðbókum.

Listi til útprentunar, raðað eftir bönkum og höfuðbókum,

er með upplýsingum um greiðsluþega, reikningsnúmer og upphæð. Fyrir hvern banka og höfuðbók kemur samtala greiðslna.

Hreyfingar til skatts




Síðasti frágengni greiðslumánuður kemur sjálfvirkt ásamt skráarheiti. Ef senda á útskriftina í tölvupósti, er netfangið og upplýsingar um efnið sett inn.

Ef fá á jafnframt lista til útprentunar, er x haft í reitnum "Sýna lista".

Dæmi um lista:

Tölvupósturinn gæti litið svona út og fylgir honum textaskrá til innlestrar:





Eingöngu koma þær hreyfingar sem staðgreiðsluskyldar eru. Sé greiðsluþegi með greiðslur vegna staðgreiðsluskyldra bótategunda ásamt framtalsskyldum eða skattfrjálsum bótategundum, koma eingöngu þær upphæðir sem tilheyra staðgreiðsluskyldu bótategundunum á listann til skattsins.

Hreyfingar til frádráttarsjóða

Sjálfvirkt kemur síðasti frágengni greiðslumánuður og skráarheiti. Hægt er að senda vinnsluna í tölvupósti og er þá netfang ásamt upplýsingum um efni sett inn.


Einnig kemur listi á skjáinn til útprentunar.



Ef frádráttarsjóðirnir eru fleiri en einn, er listinn unnin sér fyrir hvern sjóð.

Runuvinnslur

Hér sjást þær runuvinnslur sem beðið hefur verið um. Sjálfvirkt sjást þær vinnslur sem eru í gangi, eða bíða þess að komast í gang og tilheyra þeirri stofnun sem notandi er hjá.



Sjá nánari umfjöllun í handbókinni Notendaviðmót Jóakim.

Skýrslur félagagreiðslna

Sjúkrabótalisti

Áður en gengið er frá greiðsluvinnslunni, er sjúkrabótalisti fyrir vinnsluna skrifaður út og farið yfir hann.

Fram koma upplýsingar um bótagundir, bótaþega, skattkort, greiðslumánuð og tímabil bóta, bótaupphæðir, frádrátt, upphæð skatts og útborgunarupphæð. Þá

sést uppruni færslunnar, **S** = skráð handvirkt, **V** = vélrænt í greiðsluvinnslu. Ef bótafærsla hefur verið bakfærð, er hún merkt með **B**.

Röðun, boðið er upp á að raða eftir kennitölu, eða nafni.

Útfærsla, **1** = ítarlegur listi, sýnir samtalslínu og sér línur fyrir bótafærslur á hvern bótaþega. **2** = samandregið, sýnir samtalslínu á hvern bótaþega.

Hægt er að fá lista yfir ákveðinn bótaþega fyrir tiltekið bótatímabil, t.d. 2005-01 til 2005-10, ef verið er að skoða bótaþega fyrir ákveðinn bótaþega. Einnig er hægt að velja hreyfingar á ákveðinn sjóð, eða ákveðna bótagund.

Greiðsluþega	Sjóð	Greiðsluþegund	Gr.mán	Tímabil	Dagar	Gr.í	Sjúkrabætur	Frádráttur	Skattur	Útborgað	Öppr Bakf
Samtals allir: (F: 2)											
10004-2409 Silla							147.200	7.360	50.477	89.363	V
2002 01		Sjúknaðsgæningar	2007-01	01.01.2007-31.01.2007	23	100,00	147.200				
20004-0009 Lilja Harðar			40,00	10,00			147.200	7.360	49.262	90.578	V
2002 01		Sjúknaðsgæningar	2007-01	01.01.2007-31.01.2007	23	100,00	147.200				

Styrktarlisti

Greiðsluþega	Sjóð	Greiðsluþegund	Gr.mán	Tímabil	Gr.í	Öfg. rök	Daga reikn	Rök. upph	Greitt	Öppr Bakf
Samtals allir: (F: 2)										
220356-0009 Lilja Harðar								11.500	5.750	
F002 M01 Hæmflokkar, tungumál			2004-02	01.09.2003-01.11.2003	50,00	110000	05.09.2003	11.500	5.750	
081156-9999 Obelía								1.078.000	765.000	
F002 123 Bláturenámekkið								78.000	19.000	
F002 R0V Öllagjafir								1.000.000	780.000	

Á sama hátt er listi yfir styrki tekinn út til yfirferðar. Ef fleiri undirsjóðir eru hjá greiðslustofunni, er sjálfsagt að taka út lista fyrir hvern sjóð fyrir sig.



Greiðslutilkynningar

Hér eru greiðsluseðlar greiðslustofunnar skrifaðir út.

Upplýsingar um greiðslustofuna eru settar inn í textasvæði. Uppsetningin er síðan geymd og merkt sem sjálfgefin, svo ekki þurfi að setja upplýsingarnar inn í hvert skipti sem tilkynningar eru skrifaðar út.

Í svæðið “Útborgunartímabil” kemur sjálfkrafa það tímabil sem nýjasta greiðsluvinnslan er fyrir. Ef skrifa á út greiðsluseðla fyrir alla greiðsluþega í þeirri vinnslu, er nóg að staðfesta með / eða stóra Enter.

Uppsetning texta er í þremur flipum:



Ef skrifa á út tilkynningu fyrir einn greiðsluþega, er kennitala hans sett inn.

Tilkynning um greiðslu

Sjóður 1.námskeið
Ánnúla 7, 108 Reykjavík - 8
Kt. 411085-0239
Sími
Fax

Lilja Harðar
Sjóðfélagastræti 15
101 Reykjavík - 1

Dags.útb: 01.03.2006
Kennitala: 220356-0009
Tímabil: Febrúar 2006

Greiðslan hefur verið lögð inn á reikning númer 0526-26-123456, Íslandsbanki hf. Suðurlandsbr.

Kr. 653.495

Sjóður og greiðslutegund

Greitt nú Á árinu

Stéttarfélag til prufu		
Námskeið, styrkur	0	-10.000
- Leiðrétt fyrir des. 2001 (1 dagur)	-10.000	
Sjúkragjóður til prufu		
Dagpeningar	0	937.100
- Leiðrétt fyrir nóv. 2001 til jan. 2003	937.100	
Fæðingarstyrkur meðra	0	-240.000
- Leiðrétt fyrir jan. 2002 til feb. 2002	-240.000	
Iðjuþjálfun, styrkur	0	-75.000
- Leiðrétt fyrir des. 2001 (30 dagar)	-75.000	
Líkamsækt	0	-15.000
- Leiðrétt fyrir des. 2001 (30 dagar)	-15.000	
Sjúkragdagpeningar	0	596.090
- Greitt fyrir sep. 2003 til feb. 2004 (118 d)	596.090	
Frádráttur		
Stéttarfélag til prufu	-5.961	-5.961
Lífeyrissjóður til prufu	-17.211	-17.211
Stéttarfélag til prufu		
Námsflokka, tungumál	0	5.750
- Greitt fyrir sep. 2003 til nóv. 2003	5.750	
Greiðslur alls	1.198.940	1.198.940
Frádráttur alls	-23.172	-23.172
Staðgreiðsla skatta	-492.273	-492.273
Greitt fyrirfram	-30.000	
Útborgað	653.495	706.667

Persónuafsláttur skatta miðast við 0% skattkort greiðsluþega. Nýttur persónuafsláttur á árinu: kr.0. Önyttur persónuafsláttur: kr.0. Allar nánari upplýsingar veitir: Stéttarfélag til prufu, sími Sjúkragjóður til prufu, sími

Niðurstöðulisti félagagreiðslna

Hér er niðurstöðulisti sjúkrabóta skrifaður út. Settur er inn sá vinnslumánuður sem útskriftin á að sýna.

Útfærsla, 1 = sundurliða eftir sjóðum, **2** = heildartölur, * = bæði sundurliðanir og heildartölur. Hægt er að velja ákveðinn sjóð, og/eða færslutegund. Þá er hægt að velja að fá einungis lista yfir ákveðna greiðslutegund, eða ákveðinn greiðsluflokk. Einnig er hægt að fá útborganir sem fara inn í ákveðinn banka.

Ef beðið var um vinnslu sem er ófrágengin, kemur valgluggi sem bíður upp á að skýrslan bíði þar til gengið hefur verið frá vinnslunni, eða að skýrslan sé unnin þó vinnslan sé ófrágengin.

Tegund	Greiðslumánuður: 2006-02	Opphæf	Móttframlag	Opph.Árs	Móttfr.Árs	Fjöldi	Fj.Árs	Mebal.d
SAMTALS ALLS:	0	0	0	0	4	4		
Sjúkrabætur:	504.560	36.030	728.560	44.640	7	8		
FMB Fælingarstyrkur meðra (handskr.)	240.000	14.400	240.000	14.400	1	1	24	
ITI Iðjuþjálfun, styrkur (handskr.)	12.960	0	12.960	0	1	1	18	
IA Líkamsætt (handskr.)			800	0	0	1		
IGN Háskóla, styrkur (handskr.)			80.000	0	0	1		
SDI Dæpningar (handskr.)	-108.900	0	-108.900	0	1	1	33	
SDI Dæpningar	360.500	21.430	304.000	30.240	4	4	26	
Frádráttur:	-30.025	-36.030	-37.200	-44.640	8	8		
Frádr. sjóður F002	-6.005	0	-7.440	0	4	4		
Frádr. sjóður 1999	-24.020	-36.030	-29.760	-44.640	4	4		
REIÐI:	-137.745	0	-138.118	0	4	4		
Reiknað sjálfrækt	-137.745	0	-138.118	0	4	4		
Útborgun:	-336.790	0	-333.542	0	4	4		
Áður greitt bæma:			-10.000	0	0	1		
Til greiðslu í banka:	-336.790	0	-323.542	0	4	4		
Öppver:								
Dæpningar:	-137.745							
Útborgunarl:	137.745							

Skýrslan sýnir hreyfingar greiðslumánaðarins og uppsafnaðar tölur fyrir árið.

Hér er skýrsla með heildartölum, en ekki sundurliðuð niður á sjóði.

Launamiðar

Launamiðar til skatts eru unnir hér. Byrja þarf á því að útbúa texta þann sem koma á fram á launamiðunum, eða aðlaga texta síðasta árs. Farið er í textamyndina með **F6** “Víxla milli skjámynda”.

Textinn settur inn/lagfærður, farið með **Enter** niður í gegn um myndina þar til komið er aftur í fyrri myndina í svæðið fyrir uppsetningu. Þar er uppsetningunni gefið heiti og hún geymd með **F5**. Uppsetning sem þegar er til er sótt með **F7** og **F2**.

Ekki setja inn vinnslubil, nema að sleppa eigi að skrifa út launamiða fyrir greiðsluþega þess tímabils, t.d. desembermánaðar, ef launaupplýsingar komu fram á þeim greiðslutilkynningum.

LAUNAMIDAR - N001

Uppsetning: Launamiðar 2003 Runuvinnsla:

Greiðsluþegi: 2203560009 Lilja Harðar

Greiðslur: 2002

Ekki prenta út fyrir greiðsluþega í

Vinnslumábit:

Greiðsluhópur:

Skrá: N001_Inn2002

Nefnang:

Efni:

Prentastær: pdfsend Prentbúnaðstærð: bls.

Forskot pr 1: bnk.

Hefa á kennit:

Ljúka eftir kt:

Útfærsla: 2

Töfulinuþykkt: cm Dekkja töflu: %

Skuggaþykkt: 0.080 cm Dekkja töfluháus: %

Ár-mánaú frá og með, **=Ótakm, F7=Flettist.

LAUNAMIÐI
TIL NOTKUNAR VIÐ ÚTFYLLINGU SKATTFRAMTALS 2003

Eignhefur Lilja Harðardóttir
ÖB
Úti í heimi
Hvergelandi
Kennitala: 220356-5909

Upplýsingar um greiður á árinu 2002:

Sjóður og greiðslutegund	Uppbæð
Sjúkraþjófstarf til prufu (kt. 411085-0239)	240.000
Fæðingarstyrkir meðra	27.250
Dagpeningar	267.250
Greiðslur alls	267.250
Staðgreiðsla skatta	72.382

Fjárhæður sem fram koma á greiðslutilkynningu verða forskráðar á skattframtal 2003. Noti greiðsluþegi ekki árið framtal við skattskil sín, þarf hann sjálfur að leita greiðslu framtal við skattskil sín, þarf hann sjálfur að leita greiðslu framtal við skattskil sín og aðfregna staðgreiðslu kr. 72.382 í 2.3 ólösuettan reit.


Til atgúnar fyrir félagsmenn - við framtalsgerð:

* Á móti styrkjum frá Sjúkrasjóðnum má telja útlagðan kostnað og færast hann í reit 2.6. nr. 157 á framtali (sama fjárhæð og styrkur á launamiða). Þetta á við kostnaðargreiðslur eins og sjúkraljálfn, nudd, NLF, krabbameinsskoðun og ferðastyrk svo dæmi sé tekið. Sé þetta ekki gert hið opinbera fullan skatt af þessum greiðslum.

* Þeim sem fengu greiddan úfarastyrk, er bent á að sækja um lækun með því að fylla út eyðublaðið Rsk 3.05 A-umsókn.

Dæmi um útlit launamiða.

Skýrslur markaðstaflna



Í skýrslum markaðstaflna er meðal annars hægt að fá yfirlit yfir grunnlaunatöflur og staðgreiðsluyfirlit.

Markaðskennitöluyfirlit

Í reitinn **Markaðsflokkur** er sett inn einkenni grunnlaunatöflunnar sem fá á yfirlit yfir, t.d. **GSAL**. Staðfest með stóra **Enter** eða smella á

Ár	Jan	Feb	Mars	Apr	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nov	Des	Ár	Stömma
2005	67343,00	67399,00	67540,00	68047,00	68128,00	67822,00	68301,00	68385,00	68526,00	69569,00	69569,00	69569,00	2005	820256,00
2004	64807,00	64635,00	64639,00	65004,00	65370,00	65906,00	66613,00	66103,00	66103,00	66395,00	66992,00	67033,00	2004	789489,00
2003	63082,00	63313,00	63201,00	63877,00	63961,00	63849,00	63905,00	63820,00	63764,00	64215,00	64525,00	64609,00	2003	766127,00
2002	61848,00	62412,00	62249,00	62496,00	62524,00	62496,00	62778,00	62834,00	62496,00	62806,00	63144,00	63032,00	2002	751109,00
2001	56949,00	57030,00	57149,00	57481,00	58185,00	59002,00	59904,00	60355,00	60552,00	60946,00	61341,00	61366,00	2001	710850,00
2000	54663,00	55086,00	54917,00	55339,00	55877,00	55903,00	56100,00	56382,00	56100,00	56213,00	56776,00	56945,00	2000	670101,00

Listinn er of breiður fyrir skjáinn og músinn notuð á Scroll – sleðana til að sjá meira.

Samanburður markaðstölutafna

Hér er hægt að fá samanburð á tveimur markaðsflokkum, t.d. grunnlaunatöflum.

Ár	Jan	Feb	Mars	Apr	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nov	Des	Ár
2005	0,000	-0,001	0,000	-0,001	-0,001	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	2005
2004	0,001	0,000	0,000	0,000	-0,001	0,001	0,000	0,000	0,000	0,001	0,000	0,000	2004
2003	-0,001	-0,001	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,001	2003
2002	-0,001	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	2002
2001	-0,001	-0,001	0,001	0,001	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	-0,001	2001
2000	0,000	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	-0,001	2000
1999	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	0,000	1999
1998	0,000	-0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	1998
1997	0,000	-0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	1997
1996	0,000	-0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	1996
1995	-0,001	-0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	0,001	1995
1994	-0,003	-0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	1994
1993	-0,003	-0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	1993
1992	-0,002	-0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	0,002	1992
1991	-0,003	-0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	1991
1990	-0,003	-0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	0,003	1990
1989	-4,408	-3,810	-4,406	-4,406	-2,774	-1,785	-1,785	-1,785	-0,696	-0,696	-0,003	-0,003	1989
1988	-4,407	-3,737	-4,408	-4,408	-4,408	-4,408	-4,408	-4,408	-4,408	-4,408	-4,408	-4,408	1988
1987	-4,409	-4,409	-4,408	-4,408	-4,408	-4,408	-4,408	-4,408	-4,408	-4,407	-4,407	-4,407	1987
1986	-4,404	-3,466	-4,408	-4,408	-4,408	-4,407	-4,407	-4,407	-4,409	-4,409	-4,409	-4,407	1986
1985	-4,405	-4,405	-4,409	-4,409	-4,404	-0,208	-4,405	-4,403	-4,403	-2,933	-4,404	-4,404	1985
1984	-4,404	-2,808	-4,406	-4,406	-4,406	-4,403	-4,403	-4,403	-4,403	5,869	-5,532	-5,532	1984
1983	-4,770	-4,770	-4,401	-4,401	-4,401	-4,405	-4,405	-4,405	-4,405	-4,404	-4,404	-4,404	1983
1982	-3,083	-3,083	-3,094	-3,094	-3,094	-3,098	5,577	-0,892	-6,615	-6,615	-6,615	-6,612	1982

Vaxtayfirlit

Hér er sett inn sú vaxtatafla er skoða á, F7 til að sjá þær vaxtatöflur sem eru í Jóakim.

Ár	Jan	Feb	Mars	Apr	Mai	Júni	Júli	Ágú	Sept	Okt	Nov	Des	Ár	Meðalt
2005	20,00	20,00	20,00	20,00	20,00	20,00	20,50	20,50	20,50	20,50	20,50	20,50	2005	20,25
2004	17,00	17,00	17,00	17,00	17,00	17,00	17,50	17,50	17,50	17,50	17,50	17,50	2004	17,25
2003	17,50	17,50	17,50	17,50	17,50	17,50	17,00	17,00	17,00	17,00	17,00	17,00	2003	17,25
2002	22,00	22,00	22,00	22,00	22,00	22,00	20,50	20,50	20,50	20,50	20,50	20,50	2002	21,25
2001	24,00	24,00	24,00	24,00	23,50	23,50	23,50	23,50	23,50	23,50	23,50	23,50	2001	23,67
2000	19,50	20,50	21,00	21,50	21,50	22,00	22,50	23,00	23,00	23,00	23,00	24,00	2000	22,04
1999	16,50	16,50	16,50	16,50	16,50	16,50	17,00	17,00	18,00	18,60	19,00	19,50	1999	17,34

Staðgreiðslufirlit

Hér er sett inn sú skattatafla er skoða á. (SKAT fyrir staðgreiðslu, SKAB fyrir staðgreiðslu barna). Greiðslustofa lífeyrissjóða sér um viðhald taflanna.

Ár	Jan	Feb	Mars	Apr	Mai	Júni	Júli	Ágú	Sept	Okt	Nov	Des	Ár	Meðalt. % Pafsl. árs
2005	37,73 28321	37,73 28321	37,73 28321	37,73 28321	37,73 28321	37,73 28321	37,73 28321	37,73 28321	37,73 28321	37,73 28321	37,73 28321	37,73 28321	2005	37,73 339852
2004	38,58 27496	38,58 27496	38,58 27496	38,58 27496	38,58 27496	38,58 27496	38,58 27496	38,58 27496	38,58 27496	38,58 27496	38,58 27496	38,58 27496	2004	38,58 329952
2003	38,55 26825	38,55 26825	38,55 26825	38,55 26825	38,55 26825	38,55 26825	38,55 26825	38,55 26825	38,55 26825	38,55 26825	38,55 26825	38,55 26825	2003	38,55 321900
2002	38,54 26002	38,54 26002	38,54 26002	38,54 26002	38,54 26002	38,54 26002	38,54 26002	38,54 26002	38,54 26002	38,54 26002	38,54 26002	38,54 26002	2002	38,54 312024
2001	38,76 25245	38,76 25245	38,76 25245	38,76 25245	38,76 25245	38,76 25245	38,76 25245	38,76 25245	38,76 25245	38,76 25245	38,76 25245	38,76 25245	2001	38,76 302940

Yfirlitið sýnir skattprósentu og persónuafslátt á mánuði fyrir hvert ár og meðaltals skattprósentu ásamt heildarpersónuafslætti ársins.